Nr. 4.
21.
apríl.

# Reglugjörð

um

## breyting á reglugjörð fyrir veðdeild landsbankans, staðfestri 15. júní 1900.

1. gr.

Tryggingarbrjef veðdeildarinnar er 200,000 kr., sem landssjóður leggur til, og 100,000 kr., sem landsbankinn leggur til samkvæmt lögum nr. 30, 25. sept. 1902; skal kaupa fyrir tryggingarfjeð ríkisskuldabrjef, er sjeu undir umsjón landsstjórnarinnar, og eru þau ásamt veðbrjefum þeim, sem veðdeildin fær hjá lánþegum sínum, og öllum öðrum eignum hennar, til tryggingar því, að hún standi í skilum.

2. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins að þær sjeu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda. Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti; þó má veita lán gegn 2. veðrjetti í jarðeignum næst á eptir veðskuldabrjefi með 1. veðrjetti, gefnu út fyrir hlutum í hlutafjelagsbanka, er væntanlega verður settur á fót á Íslandi, samkvæmt lögum nr. 11, dags. 7. júní 1902, sbr. lög nr. 13, dags. sama dag; lánsupphæðin gegn 1. veðrjetti, og í síðara tilfellinu gegn 1. og 2. veðrjetti til samans, má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar, og skal verð húsa þeirra, er á jörð eru, því að eins telja með, að þau sjeu vátryggð svo sem fyr er greint.

3. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr veðdeildinni, verða menn að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

a. Útvega virðingargjörð samkvæmt því sem segir í 8. gr. reglugjörðarinnar, sem ofan er nefnd;

b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmálabókunum um, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignabönd liggi á eigninni og hver þau sjeu, svo að það sjáist, að þau sjeu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett veðdeildinni;

c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sje það eigi unnt, þá vottorð hans um, að eignin sje vitanlega hans eign.

Oversættelse.

Nr. 4.
21de
April.

# Reglement

angaaende

## Forandring i det den 15de Juni 1900 stadfæstede Reglement for Landsbankens Hypotekafdeling.

§ 1.

Hypotekafdelingens Garantifond er 200,000 Kr., som tilskydes af Landskassen, og 100,000 Kr., som tilskydes af Landsbanken i Henhold til Lov Nr. 30 af 25de September 1902. Garantifonden skal anbringes i Statsobligationer, der forblive i Regeringens Værge, og tilligemed de Gældsbreve, Afdelingen modtager af sine Kreditorer og alle dens øvrige Midler skal tjene til Sikkerhed for Opfyldelsen af dens Forpligtelser.

§ 2.

Hypotekafdelingens Midler udlaanes mod Pant i Jordejendomme og i Husejendomme i Købstæder og Handelssteder med tilhørende Grund, imod Pant i Huse dog kun for saa vidt de ere brandforsikrede i en af Bankbestyrelsen som betryggende anerkendt Brandforsikring. Udlaan maa kun finde Sted paa 1ste Prioritet, dog kan der tilstaas Laan mod 2den Prioritet i Jordejendomme næst efter Forskrivninger paa 1ste Prioritet udstedte for Aktietegning i en eventuelt i Henhold til Lov Nr. 11 af 7de Juni 1902 oprettet Aktiebank i Island, jfr. Lov Nr. 13 af samme Dato. Den paa 1ste Prioritet og i det sidstnævnte Tilfælde paa 1ste og 2den Prioritet tilsammen udlaandte Sum maa ikke overstige Halvdelen af den faste Ejendoms Vurderingsværdi, i hvilken Værdien af de paa Jorden værende Bygninger kun kan medregnes, hvis de ere brandforsikrede som ovennævnt.

§ 3.

For at Laan kan erholdes i Hypotekafdelingen, er det en Betingelse, at der tilvejebringes:

a. En Vurderingsforretning som i ovennævnte Reglements § 8 anført;

b. En Attest fra vedkommende Embedsmand overensstemmende med Skøde og Panteprotokollerne om, hvor vidt nogen Pantebehæftelse eller anden Ejendomsindskrænkning hviler paa Ejendommen, samt hvilke disse ere, saa at det ses, at de ikke ere til Hinder for, at Hypotekafdelingen erholder Prioritet i Ejendommen;

c. En Attest fra vedkommende Embedsmand overensstemmende med hans Embedsbøger om, at den paagældende har tinglæst Adkomst til Ejendommen, eller hvis dette ikke er muligt, da hans Bevidnelse af, at Ejendommen vitterlig er den paagældendes Ejendom.

Nr. 4.
21. apríl.

4. gr.

Lánum þeim, er veðdeildin veitir, má hún eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, er hann hefur undir gengizt. En ef ákvæðisgjöld hans eigi eru greidd á rjettum gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur fulltryggjandi fyrir því sem ákveðið er, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu (sbr. 2. gr.), eða falli á veðið eptirstöðvar af sköttum eða afgjöldum, eða ógreiddir vextir af veðskuldabrjefum, er meiri veðrjett hafa, og sem gefin eru út fyrir hlutum í hlutafjelagsbanka, er væntanlega verður settur á fót á Íslandi samkvæmt lögum nr. 11, dags. 7. júní 1902, er bankastjórninni heimilt að telja eptirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar í stað án uppsagnar.

5. gr.

Til skrifstofuhalds við veðdeildina má fyrst um sinn verja allt að 3500 kr. á ári. Sem viðbót við þóknun þá, sem endurskoðunarmönnum landsbankans ber samkvæmt lögum nr. 2, 12. jan. 1900, 3. grein veitist hvorum þeirra 250 krónur.

6. gr.

Hjermeð eru úr gildi felldar 2., 7., 11., 12. og 23. grein í reglugjörð fyrir veðdeild þá, er stofnuð er við landsbanka Íslands í Reykjavík samkvæmt lögum 12. janúar 1900, staðfestri 15. júní s. á.

Stjórn landsbankans í Reykjavík, 19. marz 1903.

*Tryggvi Gunnarsson.* *Eiríkur Briem.* *Kristján Jónsson.*

---

Framanskráð reglugjörð staðfestist hjermeð samkvæmt lögum 12. janúar 1900, sbr. lög 25. september 1902.

**Í stjórnarráði Íslands, 21. apríl 1903.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*

§ 4.

De af Hypotekafdelingen tilstaaede Laan ere uopsigelige fra Afdelingens Side, saa længe vedkommende Laantager i enhver Henseende nøjagtig opfylder de indgaaede Forpligtelser. Betales derimod ikke de pligtige Terminsydelser til rette Forfaldsdag, eller forringes Pantet saaledes, at det ikke længere afgiver statutmæssig Sikkerhed, eller undlader Skyldneren at holde i Pantet indbefattede og til Vurderingssummen (jfr. § 2) medregnede Bygninger brandforsikrede, eller paadrages Pantet Restancer af Skatter eller Afgifter eller Renter af forudprioriterede Forskrivninger udstedte for Aktietegning i en eventuelt i Henhold til Lov Nr. 11 af 7de Juni 1902 oprettet Aktiebank i Island, er Bankbestyrelsen berettiget til at anse den tilbageværende Rest af Laanet straks forfalden til Udbetaling uden Opsigelse.

§ 5.

Til Kontorhold ved Hypotekafdelingen kan indtil videre anvendes indtil 3,500 Kr. aarlig. Som Tillæg til de dem ved Lov Nr. 2 af 12te Januar 1900 § 3 tillagte Honorarer erholder hver af Landsbankens Revisorer 250 Kr.

§ 6.

Paragraferne 2, 7, 11, 12 og 23 i det den 15de Juni 1900 stadfæstede Reglement for den i Islands Landsbank i Reykjavik ved Lov af 12te Januar s. A. oprettede Hypotekafdeling ophæves.

Bestyrelsen for Landsbanken i Reykjavik, den 19de Marts 1903.

*Tryggvi Gunnarsson.* *Eirikur Briem.* *Kristjan Jonsson.*

---

Foranstaaende Reglement stadfæstes herved i Henhold til Lov af 12te Januar 1900, jfr. Lov af 25de September 1902.

**Ministeriet for Island, den 21de April 1903.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*